EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-3319

Rekstraraðili Síldarvinnslan hf kt: 5702697479	**Tegund starfsemi** Fiskimjölsverksmiðjur	**Starfsleyfisnúmer** UST-2020-L020-01 **Gildistími starfsleyfis** 3. september 2036
Starfsstöð Naustahvammur 67-69 og 55 Neskaupstaður	**Tegund eftirlits** Reglubundið eftirlit	**Dagsetning eftirlits** 20. október 2026
Starfsstöðvarnúmer ET-0090	**Eftirlitsmaður** Auður Eyberg Helgadóttir	**Útgáfudagur skýrslu** 24. nóvember 2026

Tengiliðir

Tengiliður	Titill
Hafþór Eiríksson Sindri Sigurðsson Eggert Einarsson	

Niðurstaða eftirlits

Engin ný frávik komu fram í eftirlitinu, ein ábending var sett fram.

Umfang eftirlits

Reglubundið eftirlit fór fram hjá Síldavinnslunni á Neskaupsstað þann 20. október 2026.

Starfsleyfi fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar í Neskaupstað, sem gildir til 3. september 2036, heimilar að framleitt sé fiskimjöl og lýsi úr fiski, afskurði og öðrum fiskafurðum. Heimilt er að framleiða úr allt að 2.380 tonnum af hráefni á sólarhring. Einnig er heimilt að reka litla tilraunavinnslu, eingöngu vegna rannsóknaverkefna, sem tengd er sömu mengunarvörnum og önnur vinnsla rekstraraðila, með afkastagetu undir 10 tonnum/sólarhring.

Boðað umfang eftirlitsins:

1. Staðan frá síðasta eftirliti
2. Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
3. Eftirlitsmælingar og skráningar
4. Áætlanir
5. Skoðunarferð

1. Eitt frávik kom fram í eftirliti árið 2025 og hefur því verið lokað.

2. Ársyfirliti og umhverfisupplýsingum var skilað inn 30. apríl 2026.
   Tvær niðurgrafnar lýsislagnir eru í eigu rekstraraðila, annars vegar framleiðslulögn sem er að hluta til neðanjarðar og liggur frá verksmiðju að lýsisgeymum og hins vegar útskipunarlögn sem liggur frá lýsisgeymum að bryggju. Útskipunarlögnin var síðast þrýstiprófuð í júní 2021 og framleiðslulögnin var þrýstiprófuð 22. september 2022. Þrýstiprófa þarf niðurgrafnar olíulagnir á a.m.k. fimm ára fresti og er rekstraraðili minntur á að það er kominn tími á prófun.

3. Niðurstöður mælinga á TVN hafa borist eftirlitsaðila í samræmi við kröfur í starfsleyfi en rekstraraðili er hvattur til að senda eftirlitsaðila upplýsingar um vinnsluhlé. Farið var yfir TVN mælingar frá september 2025 til september 2026, ekki voru gerðar athugasemdir við mælingar. Frárennslismæling var framkvæmd 28. apríl 2025 og voru gildi innan marka starfsleyfis.

4. Rekstraraðili er með gilda tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004. Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda eru til staðar. Áætlun um meðhöndlun úrgangs og áætlun vegna tímabundinnar og varanlegrar rekstrarstöðvunar eru til staðar.

5. Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Lýsisgeymar voru skoðaðir sem og þróin umhverfis þá. Verið var að fjarlægja gróður og lausa hluti sem voru við þróna.

Ábendingar

Rekstraraðila er bent á að huga að hvaða efni eru geymd í sömu lekavörn í efnageymslunni.

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar er framkvæmt með vísan til 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Að loknu eftirliti eru gefin út drög að eftirlitsskýrslu og hefur rekstraraðili tvær vikur frá birtingu þeirra til að koma á framfæri athugasemdum. Að þeim fresti liðnum er gefin út lokaskýrsla.

Rekstraraðili hefur þrjár vikur frá dagsetningu lokaskýrslu til að skila inn úrbótaáætlun, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Athygli er vakin á heimild Umhverfis- og orkustofnunar til beitingar þvingunarúrræða skv. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. einnig XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 22. gr., sbr. og 1. gr. gjaldskrár nr. 1033/2025.